

Nd. 445. Frumvarp til laga [219. mál]

um breyting á lögum nr. 25 22. apríl 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands.

Flm.: Jóhann Hafstein, Ingólfur Jónsson, Matthías Á. Mathiesen, Sverrir Hermannsson, Friðjón Þórðarson, Matthías Bjarnason, Gunnar Gíslason, Lárus Jónsson, Pétur Sigurðsson.

1. gr.

17. gr. laganna orðist svo:

Í Landhelgissjóð Íslands skal renna sektarfé og andvirði upptækra verðmæta vegna brota gegn fiskveiðilöggjöfinni, og enn fremur björgunarlaun, svo sem segir í 12. gr.

Ríkissjóður leggur Landhelgissjóði til árlegt framlag, 50 millj. kr., í fyrsta sinn á árinu 1972.

2. gr.

18. gr. laganna orðist svo:

Sjóðnum skal varið til hvers konar tækjabúnaðar Landhelgisgæzlunnar til gæzlu fiskveiðilandhelginnar og björgunarstarfa, svo sem til kaupa á varðskipum, flugvélum og öðrum tækjum hliðstæðum eða í tengslum við fyrrgreint hlutverk.

3. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Lög um stofnun Landhelgissjóðs Íslands voru upphaflega sett árið 1913, nr. 55 10. nóvember. Í þessum lögum segir svo: „1. gr. Af sektarfé fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi skal stofna sjóð, er nefnist Landhelgissjóður Íslands. 2. gr. Í sjóð þennan renna $\frac{2}{3}$ sektarfjár fyrir ólöglegar veiðar í landhelgi að meðtöldum $\frac{2}{3}$ nettóandvirðis fyrir upptækan afla og veiðarfæri, eftir að lög þessi öðlast gildi. 3. gr. Landsjóður leggur líka til sjóðsins 20000 krónur á ári, er teljast með árstekjum hans.“ Hið beina framlag úr Landssjóði var fljótlega afnumið, en með lögum nr. 5 18. maí frá 1920, um bann gegn botnvörpuveiðum í landhelgi, og síðari breytingum á þeim lögum, og síðast með breytingu á þeim lögum frá 18. apríl 1967, er svo ákveðið,

að allt sektarfé eftir þeim lögum, svo og andvirði upptækra verðmæta, skuli renna í Landhelgisjóð Íslands. Slíkt ákvæði er einnig að finna í lögum nr. 25 22. apríl frá 1967, um Landhelgisgæzlu Íslands, og þá einnig, að björgunarlaun samkvæmt lögnum renni í Landhelgisjóðinn, en það er óbreytt eldra ákvæði.

Með þessu frv. er stefnt að því að efla Landhelgisjóð Íslands og gera hann sjálfstæðari en áður.

Tekið er upp að nýju ákvæði um árlegt framlag ríkissjóðs til Landhelgisjóðs, svo sem upphaflega var í lögnum um stofnun Landhelgisjóðs frá 1913.

Sýnist það vera tímabært nú, þegar hin mikla útfærsla fiskveiðilandhelginnar er ákveðin hinn 1. september í ár, en hún hlýtur að krefjast miklu meiri tækjabúnaðar Landhelgisgæzlunnar og leggja henni auknar skyldur á herðar.

Sá háttur hefur verið á hafður að undanförunu að leggja Landhelgisjóði til árlegt framlag úr ríkissjóði, þegar tekjur sjóðsins af sektarfé og andvirði upptækra verðmæta auk björgunarlaunanna, hafa ekki brokkið til þess að greiða afborganir og vexti af kaupum varðskipa, flugvéla eða öðrum tilsvarendi búnaði.

Yfirlit á fiskj. frá Landhelgisgæzlunni sýnir, hvernig þessu hefur verið háttað hin síðari ár. En með slíkum hætti felja flm. þessa frumvarps Landhelgisjóð of háðan fjárveitingavaldinu hverju sinni. Enda mun það mála sannast, að Landhelgisgæzlan er nú miög vanbúin til þess að taka við sínu nýja hlutverki við útfærslu fiskveiðilandhelginnar.

Um 1. gr.

Hér er tekið upp það viðbótarákvæði, að ríkissjóður leggi Landhelgisjóði árlegt framlag 50 millj. kr. Álitamál getur verið, við hvaða upphæð skuli miða. En ekki verður með nokkrum rétti sagt, að hér sé of hátt stefnt, þegar höfð er í huga hin mikla verðmætisaukning þjóðarbúsins úr 50 mílna landhelgi, sem Landhelgisgæzlunni er ætlað að verja.

Um 2. gr.

Hér er umorðuð 18. gr. l. nr. 25 22. apríl 1967 og með þeim hætti, að fellt er niður ákvæði um það, að fjárveitingavaldið seti ákveðið, að hluta af árlegum tekjum og vöxtum sjóðsins megi verja til rekstrarútgjalda Landhelgisgæzlunnar. Að öðru leyti eru svo óbreytt eldri ákvæði, að dómsmálaráðherra hafi á hendi stjórn sjóðsins o. s. frv.

Fylgiskjal.

Landhelgisgæzlan.

TEKJUR LANDHELGISSJÓÐS 1962—1970.

Ár	Sektir og upptaka fvrir landhelgisbrot	Björgunarlaun	Vextir	Framlag ríkissjóðs	Samtals
1962	3 728 262.15	1 069 069.74	98 196.04	5 501 960.30	10 397 488.23
1963	2 127 255.00	1 001 484.26	32 487.36	6 004 397.55	9 165 624.17
1964	5 360 329.33	111 550.55	144 057.65	6 847 800.77	12 463 738.30
1965	5 470 787.00	2 914 075.03	365 818.68	6 461 798.50	15 212 479.21
1966	3 025 615.50	4 708 439.88	747 264.08	6 218 940.05	14 700 259.51
1967	2 661 227.00	2 398 833.45	755 421.57	2 898 060.95	8 713 542.97
1968	3 936 529.80	2 408 854.55	570 240.92	3 521 305.10	10 426 930.37
1969	5 726 328.67	1 022 801.30	313 988.84	14 125 000.00	21 188 118.81
1970	3 867 399.90	519 165.00	224 394.70	16 832 000.00	21 442 959.60
	35 903 734.35	16 154 273.76	3 251 869.84	68 411 263.22	123 721 141.17